

## 4. bekkur íslenska

---

Kennarar: Ester Rún Antonsdóttir; Rakel Þórhallsdóttir

### Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla, 2013. Kenndar eru 7-8 kennslustundir á viku.

### Markmið

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013. 10 kennslustundir á viku.

### Námsefni

Lesrún, Orð og setningar, Skrift, Ítalíuskraft og margvísleg verkefni kennara.

### Kennsluaðferðir

Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir: sýnikennsla, vettvangsferð, kennslubókarkennsla, námsleikir, samræðuaðferð, spurnaraðferð, þrautalausnir, leitaraðferðir, kannanir, hópinnubrögð, hugarflug og fleira.

### Námsmat

Námsmat fer fram með könnunum og símati

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.

- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

### Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

### Íslenska matsviðmið 1.-4. bekkur

- **Námsmat** með hliðsjón af matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla

- |   |   |   |
|---|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>C - hæfni</b><br/>Beitt nokkuð áheyrilegum framburði. Hann getur tjáð sig um upplifun sína af hlustun og áhorfi. Tjáð sig að nokkru marki með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og rætt um skoðanir sínar. Getur nýtt efni á rafrænu formi undir leiðsögn.</li> </ul>                            | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>B - hæfni</b><br/>Beitt skýrum og áheyrilegum framburði, tjáð sig áheyrilega og hlustað af athygli og greint frá upplifun sinni. Tjáð sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér efni á rafrænu formi.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>A - hæfni</b><br/>Beitt mjög skýrum og áheyrilegum framburði. Sýnt mjög góða færni í framsögn, hlustun og áhorfi. Tjáð sig af öryggi með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér efni á rafrænu formi.</li> </ul>  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>C - hæfni</b><br/>Lesið almennan texta, náð merkingu hans og með aðstoð valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Að vissu marki nýtt sér almennan orðaforða við að skilja texta og ráðið í orð út frá samhengi. Þekkt að einhverju leyti nokkur form bókmenntatexta.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>B - hæfni</b><br/>Lesið nokkuð skýrt og af skilningi almennan texta og valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Nýtt sér eigin orðaforða til að skilja texta út frá samhengi. Þekkt nokkur form bókmenntatexta.</li> </ul>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>A - hæfni</b><br/>Lesið lipurt og skýrt og af skilningi almennan texta og valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Nýtt sér eigin orðaforða af öryggi og á sjálfstæðan hátt til að skilja texta út frá samhengi. Þekkt vel nokkur frásagnarform bókmennta.</li> </ul> |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>C - hæfni</b><br/>Beitt að nokkru marki grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi ritunar. Beitt með leiðsögn einföldum stafsetningarreglum í ritun.</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>B - hæfni</b><br/>Beitt grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt einföldum stafsetningarreglum í ritun.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>A - hæfni</b><br/>Beitt af nokkru öryggi grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt mjög vel einföldum stafsetningarreglum í allri ritun.</li> </ul>   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>C - hæfni</b><br/>Gert sér nokkra grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>B - hæfni</b><br/>Gert sér grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>A - hæfni</b><br/>Gert sér mjög vel grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.</li> </ul>  |

## Orðarún - Mat á lesskilningi í 3.- 8.bekk - 4. bekkur

- **4. bekkur****ORÐARÚN - PRÓF 1***Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því.*Útskýring á matstáknum.**Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 8 af 20 atriðum rétt**Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 9 til 11 af 20 atriðum rétt**Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 12 til 16 af 20 atriðum rétt**Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum**Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum

- **4. bekkurORÐARÚN - PRÓF 2** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum.**Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 7 af 20 atriðum rétt**Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 8 til 11 af 20 atriðum rétt**Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 12 til 16 af 20 atriðum rétt**Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum**Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum